

Leikskólinn Tjarnarbær

Ársskýrsla



Frá ágúst 2019 til júlíloka 2020

Inngangur

Í þessari skýrslu koma fram allar helstu upplýsingar um skólastarfið í leikskólanum Tjarnarbæ fyrir skólaárið 2019–2020.

Leikskólinn Tjarnarbær hóf starfsemi sína þann 12. apríl 1983 en var formlega vígður þá um sumarið, af þáverandi forseta Íslands frá Vigdísi Finnbogadóttur.

Tjarnarbær er staðsettur á fallegum stað í þorpinu og við hliðina á skólanum er tjörn, sem hann dregur nafn sitt af. Stutt er í náttúrulegt umhverfi og einnig er stutt í sundlaug og íþróttahús.

Leikskólinn er byggður sem tveggja deilda leikskóli og er rými fyrir 40 börn. Önnur deildin er skipulögð fyrir yngri börnin en hin fyrir þau eldri. Deildarnar bera nöfn sín af fjöllum tveimur sem umlykja fjórðinn okkar, Spilli og Gelti.

Hagnýtar upplýsingar um skólann

Á Tjarnarbæ er boðið upp á vistun frá kl. 7:45 – 16:15. Boðið er upp á sveigjanlegan dvalartíma, 4 - 8 klst.

Heimilisfang skólans er: Túngata 11, 430 Suðureyri.

Símanúmer: 450 8290 - gsm: 896 7991

Leikskólastjóri: Svava Rán Valgeirsdóttir, tjarnarbaer@isafjordur.is

Deildarstjóri: Lilja Einarsdóttir, liljaei@isafjordur.is

Aldurssamsetning barna á síðasta skólaári var frá 1 til 6 ára.

Á síðasta skólaári voru 13 börn á haustönn, 15 börn á vorönn og 16 börn á sumarönn, auk þess sem þrjú grunnskólabörn voru í dægradvöl eftir hádegi. Á Tjarnarbæ eru tvær deildir, Göltur og Spillir. Á Gelti eru yngstu börnin frá eins til þriggja ára og á Spilli eru eldri börnin frá þriggja til sex ára, auk þess sem grunnskólabörn eru í dægradvöl eftir hádegi. Börnum fækkaði nokkuð á síðasta starfsári og ekki var grundvöllur fyrir því að vera með tvær deildir. Á vorönninni opnuðum við síðan aftur yngri deildina en þá höfðu þrjú börn bæst við yngri hópinn.

Starfsfólk / Fjöldi kennara

Leikskólinn var vel mannaður af fagfólki á sl. starfsári, tveir leikskólakennarar, einn kennari með B.ed gráðu í grunnskólakennarafræðum, einn leikskólaliði og einn starfsmaður sem hefur langa og góða starfsreynslu.

Listi yfir þá starfsmenn sem störfuðu í leikskólanum sl. starfsár.

Svava Rán Valgeirsdóttir, leikskólastjóri 100%

Lilja Einarsdóttir, deildarstjóri 100%

Emilía Agata Górecka, matráður 93.7%

Jóna Margrét Valgeirsdóttir 100%

Kristín Ósk Egilsdóttir 100%

Aldís Jóna Haraldsdóttir 65%

Anna Szablowska, ræsting

Monika Tyszkiewicz, ræsting

Stöðugildi

Stöðugildi við leikskólann eru 5,587. Stöðugildi við skólann fara eftir fjölda barna í skólanum hverju sinni.

Hreyfingar

Emilía Agata Górecka, matráður sagði upp starfi sínu og hætti störfum 31. maí. Aldís Jóna Haraldsdóttir fer í stöðu matráðs við skólann þar til nýr starfsmaður byrjar í september.

Skipulags- og námskeiðsdagar

- Námskeiðsdagur 6. september. Boðið var upp á tvo fyrirlestra, Hversu góður er leikskólinn okkar, námskeið sem fjallar um sjálfsmat skóla og kynntar þær leiðir sem hægt er að nýta sér í þeirri vinnu. Aðalbjörg Þorgrímsdóttir frá leikskólanum Ársölum á Sauðárkróki kynnti sjálfsmatið og hvernig það hefur nýst í þeirra starfi. Seinna námskeiðið hét Vellíðan á vinnustað en það var Helena Jónsdóttir sálfræðingur sem var með það. Frábært námskeið sem allir voru mjög ánægðir með.
- Skipulagsdagur 2. október. Hópurinn horfði á netkynningu á MÍÓ stærðfræðiskimun sem nýtist vel í starfi okkar. Eftir hádegi var síðan Hanna Ragnarsdóttir með

netfyrirlestur um nemendur af erlendum uppruna. Flottur fyrirlestur og áhugaverður.

Það er alveg frábært að geta nálgast fræðslu á þennan hátt.

- Skipulagsdagur 27. desember. Starfsmenn ákváðu að vinna daginn af sér. Fyrri hluti dagsins var tekinn um haustið og var sá tími nýttur til að skipuleggja haustönnina. Seinni helmingur af starfsdeginum var nýttur til að hlýða á fyrirlestur á netinu um Kvíða barna og unglinga, Berglind Brynjólfsdóttir var með fyrirlesturinn.
- Skipulagsdagur 22. maí. Ákveðið var að fella niður þennan dag þar sem leikskólanum hafði verið lokað í tæpar 3 vikur vegna Covid - 19. Á þennan hátt vildum við koma til móts við foreldra sem höfðu þurft að vera frá vinnu vegna lokunar skólans. Einnig var ákveðið að fella niður starfsmannafundi 8. maí og 5. júní af sömu ástæðu.
- Starfsmannafundir voru því aðeins fimm yfir árið og voru haldnir frá kl. 13:00 – 16:00 á föstudögum. Tímasetning þessi er í samráði við foreldraráðið. Á starfsmannafundum eru rædd þau mál er liggja fyrir á næstunni, þeir eru nýttir til að ræða barnahópinn og endurmeta ákveðna þætti í starfsemi leikskólans.

Nám, námskeið og fyrirlestrar fyrir starfsmenn

- Aldís Jóna Haraldsdóttir fór á námskeiðið Kennsla í fjölmeningarsamfélagi sem grunnskólinn á Suðureyri bauð upp á.
- Emilia Agata Górecka stundaði nám hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarðar er bar nafnið Beint frá býli. Námskeiðið var um 80 klst, fyrirlestrar og verklegir þættir. Nemendur lærðu um vöruþróun og framleiðslu á matvælum.
- Jóna Margrét Valgeirsdóttir og Emilia Agata Górecka fóru á Nýliðanámskeið hjá Ísafjarðarbæ en um er að ræða fræðslu um ýmsa þætti í starfsemi Ísafjarðarbæjar s.s. hlutverk starfsmanna og skyldur, skipurit, starfsmannastefnuna, samskipti á vinnustað, Vinnustund o.fl. Þeir starfsmenn sem höfðu ekki farið þegar þeir byrjuðu bauðst að fara núna.
- Svava Rán Valgeirsdóttir og Lilja Einarsdóttir fóru á námskeið hjá Elínu Þöll Þórðardóttur um orðaforða tvítyngdra barna sem haldið var í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.
- Allir starfsmenn tóku þátt í starfsdegi Ísafjarðarbæjar sem haldinn var í Íþróttahúsinu á Torfnesi 24. október. Megin tilgangur námskeiðsins var að stuðla að því að starfsmenn nái

góðri stjórn á streitu, líðan, verkefnum og einbeitingu. Gyða Kristjánsdóttir og Geirlaug Jóhannsdóttir ráðgjafar frá Hagvangi stýrðu deginum.

- Aldís Jóna Haraldsdóttir og Lilja Einarsdóttir fóru á kynningu á YAP - hreyfiprógrammi sem haldið var í Glaðheimum í Bolungarvík.
- Svava Rán Valgeirsdóttir var viðstödd doktorsvörn Eyrúnar Maríu Rúnarsdóttur, en doktorsverkefni hennar ber heitið, Líðan ungmenna af ólíkum uppruna með hliðsjón af félagslegum bakgrunni þeirra og félagslegum stuðningi. Mjög áhugavert verkefni sem hefur tengingu við starf barna af erlendum uppruna í leikskólastarfi.
- Svava Rán Valgeirsdóttir tók þátt í fræðsludegi Félags sérkennara er bar nafnið Nýjar tæknilausnir í skóla margbreytileikans. Fræðsludagurinn var haldinn í Reykjavík.
- Starfsmenn nýttu tímann á meðan skólinn var lokaður vegna Covid-19 til þess að fræðast og sinntu þeim verkefnum sem hægt var að gera að heiman. Fjarnámskeið, fyrirlestrar og kynningarmyndbönd voru meðal þess efnis sem við notfærðum okkur. Má þar nefna vefnámskeið í skyndihjálpi sem Rauði krossinn bauð upp á, fyrirlestur um Covid-19 og börn sem var á vegum Landspítalans, fyrirlestrar um næringu barna og matarvenjur og um hvíld og svefn barna. Við kynntum okkur einnig einhverfu og horfðum á sjö kynningarmyndbönd um það efni. Unnið var að áhættumati leikskólans og það klárað, undirbúningi fyrir foreldraviðtöl lokið og matráður kláraði starfsmannahandbók fyrir eldhúsið.

Skýrsla um skólahald starfsárið 2019– 2020

Já hvar á nú að byrja, þetta starfsár var viðburðarríkt þó ekki verði meira sagt, virkilega krefjandi en sem betur fer líka skemmtilegt enda ekki annað hægt þegar unnið er með börnum. Það lá fyrir að börnum myndi fækka töluvert á árinu, en átta börn kláruðu sína leikskólagöngu og hófu skólagöngu í grunnskólanum. Ekkert nýtt barn byrjaði hjá okkur um haustið og voru því aðeins 13 börn í skólanum, aldrei áður hefur fjöldi barna verið þetta lítill. Ekki var því lengur grundvöllur fyrir því að vera með tvær deildir og voru þær því sameinaðar.

Þrátt fyrir þessa fækkun þá þurfti ekki að segja upp starfsfólki, en það var m.a. vegna þess að Ísafjarðarbær breytti sínu reiknilíkani og eru undirbúningstímar kennara, afleysing og sérstuðningur við börn núna meira tekið inn í reikninginn.

Á þessu starfsári var sú gleðilega ákvörðun tekin hjá Ísafjarðarbæ að bjóða upp á vinnustyttingu til reynslu sem felur í sér að starfsmenn sem eru í 100% starfi skila 37 stundum á viku í stað 40 stunda áður. Vinnustyttingin var útfærð á þann hátt hjá okkur að einu sinni í viku hætti

starfsmaður sem var í 100% vinnu kl. 13.00. Þetta kallaði á örlítið breytt skipulag þar sem meginþungi af starfinu var færður yfir á morgnana, þegar fleira starfsfólk er í húsi. Þetta tilraunaverkefni kom mjög vel út, starfsfólk talar um að það sé ekki eins þreytt í vinnunni, minna hefur verið um skrepp úr vinnu þar sem fólk hefur getað notað þennan tíma til að útrétta. Haustið byrjaði á hefðbundinn hátt og var fylgt eftir þeirri starfsáætlun sem var gerð sameiginlega af starfsmönnum skólans. Það gekk það nokkuð vel að fylgja henni eftir á haustönninni. Á vorönninni gekk á ýmsu og erfiðara var að fylgja áætlun þó svo að allir reyndu sitt besta. Við höfum aldrei upplifað annan eins vetur veðurfarslega séð þar sem hver lægðin rak aðra og dúraði nánast ekkert á milli. Aftur og aftur var gul eða appelsínugul veðurviðvörðun virk og gekk það yfirleitt eftir. Þegar appelsínugul viðvörðun var í gildi sendum við skilaboð til foreldra um að fara varlega og fara að öllu með gát og ana ekki með börnin út í óvissu. Það snjóaði einnig svakalega þennan veturinn og götur voru oft ófærar og erfitt að komast á milli staða. Hins vega var það bara einu sinni sem tekin var ákvörðun um að loka skólanum en það var í kjölfarið á snjóflóði sem féll úr Norðureyrargilinu og orsakaði sjóflóð sem gekk upp á land á Suðureyri. Ákvörðunin var tekin í samráði við Stefaníu Ásmundsdóttur forstöðumann Skóla- og fjölskyldusviðs Ísafjarðarbæjar.

Í mars bættist síðan við Covid-19 og þær aðgerðir sem fylgdu því. Við vorum tilbúin með aðgerðaráætlun áður en smit greindist á landinu 28. febrúar. Þann 16. mars var ákveðið að börnunum yrði skipt upp í tvo hópa og að enginn samgangur væri á milli hópanna og á milli starfsmanna. Það var tekin sú ákvörðun að foreldrar kæmu ekki lengur inn í skólann heldur yrði tekið á móti börnum í anddyri skólans. Einnig var ákveðið að enginn samgangur væri á milli skólastiga bæði gangvart nemendum og starfsmönnum. Dægradvölin var því ekki lengur í boði fyrir grunnskólabörnin og starfsmaður sem kenndi bæði í leik- og grunnskólanum, var núna alfarið í leikskólanum. Jafnframt var ákveðið að matráðurinn færi ekki lengur með mat yfir í grunnskólann og skammtaði hann þar. Í staðinn tók starfsmaður grunnskólans við matnum og sá um skömmun þar. Viku seinna var ákveðið að hætta alfarið með mat í grunnskólanum og í staðinn kom hvert og eitt barn með mat með sér í skólann. Smitum fjölgaði jafnt og þétt á landinu og fyrsta smit á Norðanverðum Vestfjörðum var greint 30. mars. Viku síðar var tekin sú ákvörðun hjá Almannavarnarnefnd Vestfjarða að loka leikskólanum alveg, sú lokun stóð yfir í 3. vikur. Nokkuð hefur verið rætt um hvaða áhrif Covid-tímabilið hafi haft á börnin, okkar mat er að við gátum ekki merkt að þau finndu fyrir kvíða eða ótta. Starfsmenn reyndu að svara börnunum eftir bestu getu ef upp komu spurningar. Covid-tímabilið hafði vissulega áhrif á sjálfræði barnanna t.d. fengu þau ekki lengur að skammta sér sjálf, ekki var allt leikefni eða bækur í boði þar sem við fylgdum ákveðnu kerfi og daglega voru leikföng tekin úr umferð og

sóttþreinsuð. Það sem börnunum þótti erfiðast var að geta ekki lengur hitt alla krakkana á deildinni eftir að við skiptum leikskólanum upp í tvo aðskilda hópa. Þau söknuðu vina sinna sem voru á hinni deildinni. En að öðru leyti upplifðum við meiri ró hjá börnunum enda hóparnir minni og það var ekki laust við að þau finndu að það hefði hægst á öllu samfélaginu og mögulega var einnig rólegri tími heima með fjölskyldunni.

Í mars 2019 var staðfestur grunur um myglu uppi á háalofti skólans. Áætlað var í fyrstu að fara í framkvæmdir þá um sumarið, en því miður drógst það fram á þetta ár. Myglan var staðbundin í mæni hússins og voru gerðar ráðstafanir til þess að öruggt væri að vera í skólanum þar til það væri farið í þessar framkvæmdir. M.a. var sett upp vifta sem blés öllu lofti af háaloftinu út úr húsinu og jafnframt var öll umferð um loftið bönnuð. Framkvæmdir hófust í apríl 2020 eftir að við opnuðum eftir Covid. Full starfsemi var í húsinu á meðan verkið var unnið en það var unnið utan frá og tók það tæpar 3 vikur. Nokkur hávaði og umrót var á meðan en starfsmenn, börn og foreldrar sýndu mikinn skilning og með samstilltu átaki tókst að klára þessa vinnu.

Ein breyting var á starfsmannahópnum á síðasta starfsári en matráðurinn okkar hún Emilia Agata sagði upp starfi sínu við skólann og hætti hjá okkur 1. júní. Emilía hefur starfað hjá okkur í 10 ár og þökkum við henni fyrir frábær störf og gott samstarf, jafnframt óskum við henni velfarnaðar í nýju starfi. Aldís Jóna leysir af í eldhúsinu þar til nýr starfsmaður hefur störf 1. september.

Það er því óhætt að segja að starfsárið hafi verið viðburðarríkt og mikið hafi reynt á starfsmenn að vera lausnamiðaðir og hugsa út fyrir boxið. Án jákvæðni og samstillts átaks foreldra og starfsmanna hefði þetta aldrei gengið upp. En síðast en ekki síðst eiga börnin þakkir skildar fyrir sína aðlögunarhæfni og jákvæðni.

Starfsmarkmið fyrir skólaárið 2019 – 2020

1. Náum betri árangri saman
2. Félagsleg tengsl barna, vináttuverkefni Barnaheilla
3. Umhverfisvernd / grænfánaverkefni
4. Barnafundir

1. Náum betri árangri saman

Um er að ræða sameiginlegt þróunarverkefni með Grunnskólanum á Suðureyri sem snýr bæði að kennurum skólanna og foreldrum. Annars vegar með því að efla færni kennara við orðaforða-kennslu, samþættingu námsgreina og samvinnu. Hins vegar að efla foreldrasamstarf með sérstakri áherslu á þátttöku foreldra af erlendum uppruna og möguleikum þeirra til að styðja við

nám barna sinna. Boðið var uppá námskeið fyrir foreldra og kennara skólans. Þær aðferðir sem lagt var upp með að nota í kennslu með börnunum var samræðulestur, en þá er sama bókin lesin alla vikuna og farið er í gegnum þrjú stig í sögulestrinum. Orð vikunnar er valið í sögustundinni í upphafi viku. Orðið er síðan markvisst notað alla vikuna í skólanum. Lubbastundir eru einu sinni á dag, þar er unnið með námsefnið Lubbi finnur málbein. Unnið er með hljóð stafanna og staf vikunnar. Í hópastarfi er markviss málörvun einu sinni í viku og er þá unnið á fjölbreyttan hátt með hljóðkerfisvitund, orðaforða, samræður og samskipti. Gefðu 10 ekki bíða, er aðferð sem við erum að nota, hún miðar að því að auka samræður og samskipti m.a. við fjöltyngd börn sem eru að læra íslensku sem annað mál. Orðmyndir og stafir eru sýnileg um allan leikskólann og lögð áhersla á að það sé sýnilegt á móðurmáli allra barnanna. Börnin eigi auðvelt með að nálgast leikefni sem tengjast lestri og málörvun.

Matstæki: Orðaskil, Hljóm-2 próf, EFI- málþroskapróf, gátlistar fyrir hvern aldurshóp.

Endurmat: Sú fræðsla sem foreldra og starfsmenn fengu á síðasta skólaári var mjög jákvæð og góð fyrir alla. Einnig fundum við að samstarfið við grunnskólann styrktist og jók gagnkvæma virðingu á milli skólastiganna. Það var gaman að vinna sameiginlega að verkefni sem þessu og mikilvægt að allir séu samstíga. Allar þær kennsluáðferðir sem nefndar voru hér að ofan virkuðu mjög vel og er stefnan að halda áfram að nýta þessar kennsluáðferðir næsta vetur. Orð vikunnar er farið að festast í sessi og orðið kennurum og börnum nokkuð tamt. Við erum enn að þróa samræðulesturinn og það sem reynist okkur erfiðast er hvað hópurinn er aldursbreiður og getan misjöfn í hópnum. Börnunum var þó skipt í tvennt tvisvar sinnum í viku, en spurning hvort að það ætti að skipta þeim oftár upp og vera með minni hópa. Aðferðin Gefðu 10 ekki bíða, er mjög góð og var notuð fyrir þau börn sem okkur fannst þurfa meiri örvun. Við viljum halda áfram að nota hana og skrá árangur barnanna betur og vinna markvissara með hana.

2. Félagsleg tengsl barna, vináttuverkefni Barnaheilla

Við höldum áfram með verkefni Barnaheilla sem ber nafnið Vinátta - Fri for Mobberi. Um er að ræða forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leikskóla. Þetta er annað árið sem við vinnum með þetta verkefni í leikskólanum og eru kennarar og börn mjög ánægð með verkefnið. Kennarar í skólanum telja mikilvægt að unnið sé markvisst að því að byggja upp góð samskipti meðal leikskólabarna. Lögð er áhersla á að börnin læri að við erum öll ólík, engir tveir eru eins og að allir hafi jafnan rétt. Bakgrunnur barnanna í leikskólanum er mjög ólíkur og er hlutfall barna af erlendum uppruna mjög hátt. Börnin þurfa að læra að meta kosti og styrkleika annarra og að

koma öðrum til hjálpar á því sviði sem þeir eru ekki eins sterkir. Við leggjum áherslu á umburðarlyndi og skilning á sérstöðu einstaklinga. Það er hlutverk kennarans að leiðbeina barninu í mannlegum samskiptum. Við leggjum mikla áhersla á að öll börnin hafi tækifæri til að eignast vini innan leikskólans.

Matstæki: Félagsskönnun er lögð fyrir börnin á haust- og vorönn, en hún getur gefið vísbendingar um ef eitthvað barn samlagast ekki hópnum og á erfitt með að eignast vini innan leikskólans. Ef barn kemur illa út úr þessari könnun er henni fylgt eftir með atferlisathugun, til að kanna nánar hvað veldur einangrun barnsins frá hópnum. Skráning á vali barnanna, hvað velja þau og við hvern leika þau er gerð í október, janúar og mars.

Vináttuverkefni Barnaheilla er gott verkfæri til að byggja upp góð samskipti í leikskólanum.

Við notum skráningarblöðin um tengslamyndun sem fylgja verkefninu.

Endurmat: Við erum að skoða hvort við ættum að leggja Félagsskönnun einnig fyrir í janúar, þannig að hægt sé að vinna með niðurstöðu hennar á vorönninni. Við erum mjög ánægð með Vináttuverkefni Barnaheilla og hjálpar kennsluefnið okkur mjög mikið við að vinna markvisst að þessum málum. Ekki hafa allir starfsmenn leikskólans farið á námskeið Barnaheilla en við stefnum að því að allir starfsmenn sækji námskeiðið.

3. Umhverfisvernd / grænfanaverkefni

Leikskólinn hefur haft umhverfisstefnu ofarlega í huga í öllu starfi sínu og er leikskólinn skilgreindur sem skóli á grænni grein hjá Landvernd. Umhverfisnefnd er starfrækt við skólann og skipuleggur hún og stýrir Grænfanaverkefninu. Í nefndinni sitja fulltrúar nemenda, kennara, ræstingar, foreldra og stjórnenda skólans. Umhverfisnefndarfundir með elstu börnunum í leikskólanum voru einu sinni í mánuði. Umhverfisnefndarfundir með kennurum, ræstingu, foreldrum og stjórnenda leikskólans var áætlað að halda þrisvar sinnum á önn. Það gekk hins vegar ekki eftir m.a. vegna Covid -19

Matstæki: Umhverfisgátlisti Landverndar.

Endurmat: Farið er í gegnum matsblöð frá Landvernd, þar sem metið er hvort að við höfum náð þeim árangri sem við viljum ná. Við erum ánægð með árangur okkar í umhverfisnefnd þó svo að við höfum ekki náð að flagga grænfanum þetta skólárið, en Covid setti m.a. strik í reikninginn. Við höldum samt sem áður áfram okkar vinnu í umhverfismálum.

4. Barnafundir

Einu sinni í mánuði voru Barnafundir og á þeim eru ýmis málefni rædd. Barnafundir eru góð leið til að hjálpa börnum að læra um samstarf, að leggja fram sínar hugmyndir, að leita lausna

og að sammælast. Það er einnig mikilvægur tilgangur með barnafundum að gefa börnum þá tilfinningu að þau finni að þau tilheyri hópi.

Matstæki: Það sem er rætt og ákveðið, er skráð í sérstaka fundarbók.

Endurmat: Við erum mjög ánægð með barnafundina okkar og teljum þá mjög mikilvæga til að þjálfra börn á að takast á við málefni á lýðræðislegan hátt.

Endurvinnsla og flokkun

Einn af föstum liðum í starfinu hjá okkur er pappírs- og kertagerð og er það hluti af stefnu okkar varðandi náttúruna og umhverfið. Börnin læra að það er hægt að endurnýta hluti og búa til eitthvað nýtsamlegt úr hlutum sem við myndum annars henda. Börnin koma með kertaafganga og pappír að heiman og reglulega er unnið með þennan efnivið yfir veturinn. Í leikskólanum flokkum við allt rusl og taka börnin virkan þátt í því, en á föstudögum er kassinn sóttur í eldhúsið og flokkað upp úr honum. Allur lífrænn afgangur er flokkaður frá og sett í sér tunnu sem Ísafjarðarbær útvegar, við höfum því hætt að vera með okkar eigin safnkassa á lóðinni.

Endurmat: Gaman væri að vera sjálf með safnkassa á lóðinni en þannig myndu börnin geta tekið betur þátt í moltugerðinni, en vandinn er samt sá að við höfum lent í því að minnur sækir í kassann. Það er hins vegar ákveðinn missir að vera ekki lengur með hann af því að þátttaka barnanna við moltugerðina er núna engin. Áður fyrr fóru börnin með moltufötuna út í safnkassann á hverjum degi og hjálpuðu til að róta í moltunni og fylgdust þannig með ferlinu. Við erum með það í skoðun að finna safnkassa sem er alveg lokaður til að koma í veg fyrir þann vanda að dýr sækir í kassann. Börnin eru dugleg að flokka annað rusl og fara með flokkað rusl út í tunnuna okkar.

Nám án aðgreiningar - sérkennsla

Leikskólinn á að taka tillit til þarfa hvers barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum. Í allri kennslu ber að hlúa vel að sterkum hliðum hvers barns og nýta þær til þess að byggja upp þá þætti sem eru slakari, þannig byggjum við upp sterka sjálfsmynd hjá hverju barni. Það er stefna okkar að horfa til heiltækrar skólastefnu, sem felst í því að komið sé til móts við þroskahömlun barna inni á deild. Þó teljum við að stundum sé þörf á að sinna sérkennslunni í ró og næði með einu til tveimur börnum í einu, t.d. þegar barnið á við framburðarerfiðleika að glíma eða þá að barnið eigi mjög erfitt með að einbeita sér í stórum hóp. Gæta þarf þess sérstaklega að börn með sérþarfir öðlist félagslega reynslu til jafns við önnur börn og að þau séu eins virkir þátttakendur innan barnahópsins og kostur er.

Þegar barn þarf á sérkennslu að halda er útbúin fyrir barnið einstaklingsnámskrá, en hún felur í sér markmið sem hafa verið sett fyrir barnið og þær leiðir sem á að fara til þess að ná þessum markmiðum. Bæði eru sett fram langtímamarkmið og einnig skammtímamarkmið.

Samstarf leik - og grunnskóla

Mjög gott samstarf hefur verið á milli leikskólans og grunnskólans og hefur ákveðin hefð skapast í því samstarfi. Markmið samstarfsins er fyrst og fremst að byggja brú frá leikskóla yfir í grunnskóla og skapa þannig samfellu í skólastarfinu. Við höfum haft það þannig að heimsóknir á milli leikskóla og grunnskóla byrja strax á haustönn. Gagnkvæmar heimsóknir eru einu sinni í mánuði á haustönn og fram í febrúar. Grunnskólabörnin komu tvisvar sinnum í heimsókn til okkar í leikskólann á tímabilinu og vinna verkefni hjá okkur. Leikskólabörnin fara fjórum sinnum á tímabilinu í heimsókn í grunnskólann. Í mars byrjuðu elstu börnin í leikskólanum að fara í heimsóknir einu sinni í viku í grunnskólann og taka tilvonandi grunnskólabörn þátt í öllum kennslutímum með 1. bekk. Þannig gefst þeim kostur á að kynnast skólastarfinu og tilvonandi samnemendum sínum. Það er Vilborg Ása Bjarnadóttir, kennari yngsta stigs, sem sér um að skipuleggja heimsóknirnar fyrir hönd grunnskólans.

Endurmat: Það er mat okkar að samstarf skólastiganna gangi vel fyrir sig og mikil jákvæðni er á báðum skólastigu um mikilvægi góðs samstarfs börnunum til heilla. Í ár náðum við að fylgja eftir þessu skipulagi fram í mars mánuð en eftir það setti Covid-19 strik í reikninginn og ekki var lengur leyfilegt að fara á milli skólanna vegna sóttvarnasjónarmiða.

Sérkennsla

Leikskólustjóri hefur sinnt þeim börnum sem hafa þörf á einstaklings sérkennslu. Áhersla er einnig lögð á að veita sem mestan stuðning inni á deildum. Flest þeirra barna sem fá sérstuðning, fá hann vegna mál- og/eða hegðunarerfiðleika. Dagný Annasardóttur talmeinafræðingur sér um þau börn sem hafa þurft á talþjálfun að halda. Veður og Covid hafði þó mikil áhrif á þessa tíma í vetur og féllu þeir oft niður.

Skimunarpróf sem notuð eru í skólanum:

- EFI- málþroskapróf, lagt fyrir öll 3 - 4 ára börn
- Hljóm-2 próf, lagt fyrir öll 5 ára börn
- Könnunarskimun á stærðfræðihugtökum, lagt fyrir öll 5 ára börn.
- MÍÓ stærðfræðiskimun lagt fyrir börn frá 3 ára aldri.
- Tove Krogh teikniprófið – lagt fyrir öll 5 ára börn.
- Hreyfiproska gátlisti, lagt fyrir öll börn frá tveggja ára aldri.

- Tras- málþroskapróf, nýtt sem matstæki fyrir þau börn sem þess þurfa.
- Félagakönnun, lagt fyrir öll börn á eldri deild, gefur okkur vísbendingar um hvort eitthvert barn er út undan í barnahópnum.

Skóladagatal Tjarnarbæjar 2019-2020

Ágúst

- 8. Opnum eftir sumarfrí
- 16. Leikjadagur
- 20. Berjaferð
- 23. Starfsmannafundur frá kl. 12 - 16
- 30. Útikakó

September

- 2. Hópastarf byrjar
- 6. Námskeiðsdagur
- 8. Dagur læsis
- 16. Dagur ísl. náttúru
- 20. Ferðadagur
- 24. Ömmu- og afadagur

Október

- 2. Skipulagsdagur
- 4. Dótadagur
- 9. Foreldrafundur
- 11. Búningadagur
- 21. Foreldraviðtöl
- 22. Foreldraviðtöl
- 23. Foreldraviðtöl
- 24. Foreldraviðtöl
- 25. Foreldraviðtöl
- 26. Bangsadagur/náttfatadagur

Nóvember

- 1. Dótadagur
- 8. Starfsmannafundur frá kl. 14 - 16
- 10. Feðradagurinn

- 11. Pólsk hátíð
- 16. Dagur ísl.tungu
- 20. Dagur mannréttinda barna
- 25. Doppótturdagur
- 26. Röndótturdagur
- 27. Köflótturdagur

Desember

- 1. Fullveldisdagurinn
- 2. Íslensk hátíð
- 3. Jólafondur foreldrafélagsins
- 6. Starfsmannafundur frá kl. 14 - 16
- 13. Jólaball
- 19. Bæjarferð
- 27. Skipulagsdagur

Janúar

- 3. Dótadagur
- 6. Prettándinn
- 10. Starfsmannafundur frá kl. 14 - 16
- 17. Rafmagnslaus dagur
- 24. Bóndadagur/Þorrablót

Febrúar

- 6. Dagur leikskólans
- 7. Starfsmannafundur frá kl. 14 – 16
- 14. Tælensk hátíð
- 21. Tónlistadagur
- 24. Bolludagur
- 25. Sprengidagur
- 26. Öskudagur

Mars

- 6. Starfsmannafundur frá kl. 14 - 16
- 16. Foreldraviðtöl
- 17. Foreldraviðtöl

- 18. Foreldraviðtöl
- 19. Foreldraviðtöl
- 20. Foreldraviðtöl
- 23. Litavika / gulur
- 24. Litavika / rauður
- 25. Litavika / grænn
- 26. Litavika / blár
- 27. Litahátíð

Apríl

- 1. Sprelldagur
- 3. Starfsmannafundur frá kl. 14 - 16 (féll niður vegna Covid).
- 12. Afmæli Tjarnarbæjar
- 22. Sólarganga

Mái

- 6. Sveitaferð (féll niður vegna Covid)
- 8. Starfsmannafundur (féll niður vegna Covid)
- 10. Mæðradagur
- 22. Skipulagsdagur (féll niður vegna Covid)
- 28. Vorferð
- 29. Útskrift (færðist til 10. júní vegna Covid)

Júní

- 5. Starfsmannafundur frá kl. 14 – 16 (féll niður vegna Covid)
- 6. Vorsýning (féll niður vegna Covid)
- 10. Útskrift (með breyttu sniði vegna Covid)
- 16. Útikakó
- 25. Íþróttahátíð (féll niður vegna Covid)

Júlí

- 3. Fjallganga
- 9. Sumarlokun.

Hér á eftir verður stiklað á stóru er varðar þær upptökur sem voru á síðasta ári en eins og áður hefur komið fram hafði veður, Covid og framkvæmdir á þaki skólans áhrif á skólastarfið með ýmsum hætti. Það var samt sem áður ýmisslegt brallað, líf og fjör í skólastarfinu og enginn

dagur eins. Við fórum í **berjaferð** en þetta árið nýttum við okkur nýja göngustíginn og fundum berjalaut fyrir ofan bæinn okkar. Þegar það eru **Ferðadagar** hjá okkur förum við í lengri gönguferðir og tökum stundum nesti með okkur. Vinsælt er að labba upp á Skothól eða labba út á flugvöll, að Markúsínu, kringum lónið eða nýja göngustíginn. Við vorum með sérstakan dag þar sem við buðum öfum og ömmum velkomin í leikskólann og var boðið uppá hressingu. Vel var mætt og áttu allir góðan dag saman. Á **Furðufatadegi** mæta allir í furðulegum fötum og á **Bangsadegi** koma allir með bangsann með sér í leikskólann. Við höldum upp á dag þeirra landa sem tengjast leikskólanum hverju sinni, á sl. ári vorum við með **pólska-, tælenska-, ensk og íslenska hátíð**, en þessa daga er boðið upp á þjóðlegan mat og dagurinn er tileinkaður hverju landi og flaggað er fána hvers lands. Við erum með **Litadaga** en þá eiga börnin að koma í viðkomandi lit í leikskólann, en einnig erum við með **Doppóttan-, Röndóttan- og Köflóttandag**. Þann 16. nóvember ár hvert höldum við upp á **Dag íslenskrar tungu** með ýmsum hætti. Foreldrafélagið hefur verið með **Jólafondur** fyrir foreldra og börn, **jólaball** er haldið þar sem foreldrar koma og dansa í kringum jólatréð með börnum sínum og jólasveinar koma í heimsókn. Við slepptum rafmagnslausum degi þetta árið enda þurftum við í raun ekki að skipuleggja rafmagnsleysi þetta árið veðrið sá um það. **Þorrablót** er haldið ár hvert, börnunum er boðið upp á þorramat að íslenskum sið og börnin eru með skemmti-og söngatriði. Á **Náttfatadegi** mæta allir í náttfötum í leikskólann. Þann 6. febrúar ár hvert er **dagur leikskólans** en markmiðið með deginum er að kynna það starf sem fer fram í leikskólum landsins. Þennan dag buðu krakkarnir öllum í heimsókn í skólann. **Bollu-sprengi- og öskudagur:** Á bolludegi fá öll börnin rjórabollur og fiski- eða kjötbollur í hádegismat. Á sprengidegi er boðið upp á saltkjöt og baunir. Á Öskudaginn má sjá alls kyns furðuverur hérna í leikskólanum. Eftir leik og gleði í leikskólanum er farið út og sungið í fyrirtækjum í bænum. **Sólarkaffi**, hefð er fyrir því að þann dag sem sólin skín inn um gluggann hjá okkur eru bakaðar vöflur og hin langþráða sól er boðin velkomin aftur í þorpið okkar. **Grín og rugldagur** er haldinn í tengslum við 1. apríl. Við höldum upp á sumardaginn fyrsta með því að fara í **Sólargöngu**, við útbúum sólarhatta og syngjum sólarlög, Börnunum er boðið upp á pönnukökur þennan dag. Ár hvert er farið í **Sveitaferð** en vegna Covid var sleppt að fara með börnin í heimsókn á sveitabæ. Á hverju ári erum við með **Vorsýningu** en það var það sama þar, því var sleppt vegna Covid enda var foreldrum ekki lengur leyft að koma inn í skólann á þessum tíma. **Vorferð elstu nema** er sameiginleg ferð útskriftarnema leikskólans og yngri bekkja grunnskólans. Þetta árið var farið til Súðavíkur og Melrakkasetrið skoðað, einnig var farið í Raggagarð. Í ár átti að vera sameiginleg íþróttahátíð en ekki var talið ráðlagt að halda hana vegna Covid. Reglulega eru **hjóladagar** hjá okkur í leikskólanum. Þá koma börnin með hjólin

sín og hjálma í skólann. Hjólað er innan lóðar og einnig er stundum farið út fyrir lóðina með kennurum til að æfa sig í umferðinni.

Útskriftarathöfn elstu nema

Í ár útskrifuðust þrjú börn frá leikskólanum Tjarnarbæ, tveir strákar og ein stelpa. Við þurftum að fresta útskriftinni aðeins vegna Covid og einnig þurfti að takmarka fjölda þeirra sem gátu verið viðstaddir. Útskriftin var 10. júní og áttu börn, kennarar og foreldrar yndislega stund saman. Útskriftin sjálf fór fram fyrir hádegi og var lögð áhersla á að hafa stundina sem hátíðlegasta. Börnin sungu nokkur lög fyrir foreldra sína og eftir það hófst formleg útskrift og foreldrar fylgdust með þegar börnin fengu útskriftarskjál og blóm frá leikskólastjóranum. Eftir útskriftina buðu börnin upp á kaffi og súkkulaðiköku sem þau höfðu skreytt sjálf. Þó svo að útskriftardagurinn sé alltaf gleðilegur þá finnur maður jafnframt fyrir söknuði að kveðja þessi frábæru og yndislegu börn. Á útskriftardaginn gerum við alltaf eitthvað skemmtilegt og eftirminnilegt með útskriftarbörnunum. Markmiðið er að þau finni að þetta er þeirra dagur og að þau eigi góðar minningar frá honum. Eftir hádegi var byrjað á því að fara í sund með börnin og voru þau mjög ánægð með það. Eftir sunnið hófst mikil óvissuferð um þorpið og næsta nágrenni sem fólst m.a. annars í því að „Frú Bóla“ var alltaf að senda okkur skilaboð hvert við ættum að fara. Þetta var hin mesta skemmtun og börnin ánægð með að fara eftir þeim vísbendingum sem við fengum. Frú Bóla sendi okkur m.a. upp á flugvöll en þar grilluðum við „óvænt“ pylsur sem leyndust í bakpokanum okkar. Ferðin endaði síðan á kaffihúsinu þar sem við buðum börnunum upp á köku og drykki.

Það voru stolt og glöð börn sem komu heim eftir þennan dag. Útskriftardagurinn er stór dagur í lífi barnanna og mikilvægt að foreldrar taki þátt í honum og gleðjist með barninu. Eins er mikilvægt að kennarar skólans geri hann sem eftirminnilegastan fyrir börnin.

Mat á leikskólastarfi

Innra mat:

- Hljóm 2 - próf: var lagt fyrir börnin í elsta árganginn. Hljóm-2 prófið kannar hljóðkerfis- og málvitund leikskólabarna. Prófið er talið hafa forspárgildi varðandi lestrarnám þegar í grunnskóla er komið. Niðurstöðum úr prófunum var skilað inn í grunnskólann.
- EFI-2 málþroskaskimun var lagt fyrir börn á fjórða ári, prófið kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins.

- MÍÓ stærðfræðiskimun lagt fyrir börn frá 3 ára aldri.
- Tove Krogh teikniþrófið var lagt fyrir elstu börnin.
- Gátlisti fyrir 5 ára börnin: Gátlisti var lagður fyrir elstu börnin í leikskólanum að hausti og að vori. Listinn tekur til eftirfarandi þátta: fínhreyfinga, grófhreyfinga, stærðfræði, lestrarfærni og sjálfshjálpar.
- Gátlistar: sem tóku mið af aldri barnanna voru lagðir fyrir börnin. Þarna er verið að skoða fín- og grófhreyfingar, félagsþroska, málþroska og sjálfshjálp.
- Mat leikskólabarna: Börnin fengu tækifæri til að meta hvernig þeim líður í leikskólanum og í einstaka tímum. Matið er í því formi að börnin fá spurningarlista og eiga að lita broskall eða fýlukall eftir því sem þeim finnst. Dæmi: Hvernig finnst þér útikennslan í dag? ☺ eða ☹ Einnig teiknuðu öll börnin það sem þeim fannst skemmtilegt og leiðinlegast í leikskólanum.
- Félagakönnun var lögð fyrir börnin en hún getur gefið vísbendingar um það ef eitthvað barn samlagast ekki barnahópnum og á erfitt með að eignast vini innan hópsins. Ef barn kemur illa út úr þessari könnun er henni fylgt eftir með atferlisathugun til að kanna nánar hvað veldur einangrun barnsins frá hópnum. Könnun sem þessi getur gefur okkur vísbendingu um félagslega stöðu barnanna í hópnum.
- Endurmat starfsmanna á starfinu: Allir starfsmenn fylltu út sérstakt matsblað er varðar starfið í leikskólanum, hvernig gekk að halda áætlun, hvað gekk vel og hvað mætti betur fara. Á starfsmannafundum fer einnig fram óformlegt endurmat og einstakir þættir í skólastarfinu eru teknir út og þeir eru skoðaðir. Þetta óformlega endurmat er ekki síður nauðsynlegt og stuðlar að lifandi og skemmtilegu leikskólastarfi. Skipulagsdagar og starfsmannafundir eru nýttir til að endurmeta starfið.
- Allir starfsmenn fara í starfsmannaviðtöl en boðið er upp á það einu sinni á ári. En í þeim er komið inn á þætti eins og álag í starfi, skipulag og hvað mætti bæta varðandi aðbúnað og skipulag.

Ytra mat:

- Skólapúlsinn er lagður fyrir foreldra. Þar gefst foreldrum kostur á að meta gæði starfsins í leikskólanum. Markmið könnunarinnar er m.a. að skoða viðhorf foreldra til leikskólans, daglegra viðfangsefna, áherslu í starfinu, skipulags og upplýsingaflæðis.
- Foreldraráð gefur umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd

skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

- Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar: lögð var fram til kynningar, starfsáætlun fyrir árið 2019-2020, skóladagatal 2019–2020 og ársskýrsla skólans fyrir skólaárið 2018-2019.

Foreldrafélag og foreldraráð

Á foreldrafundi í október 2019 var samþykkt að í stjórn foreldrafélagsins yrðu eftirfarandi foreldrar:

Í stjórn foreldraráðsins

Ólöf Birna Jensen, formaður

Svala Sigríður Jónsdóttir

Gísli Páll Guðjónsson

Í stjórn foreldrafélagsins:

Ólöf Birna Jensen, formaður

Emilia Agata Górecka

Gísli Páll Guðjónsson

Gott samstarf hefur verið við foreldrafélag leikskólans og hefur myndast hefð fyrir því með hvaða hætti það kemur að starfsemi skólans. Á síðasta skólaári sá félagið um jólaföndur foreldra og barna fyrir jólin. Vegna Covid 19 var engin Vorsýning í leikskólanum en félagið hefur séð um kaffiveitingar sem hefur verið þeirra aðalfjáröflun. Foreldrafélaginu er þakkað fyrir gott samstarf, enda er góð samvinna við foreldra lykillinn að farsælu leikskólastarfi.

Dægradvöl

Leikskólinn býður upp á dægradvöl fyrir 1. og 2. bekk í leikskólanum eftir grunnskólann. Á sl. skólaári voru þrjú börn sem óskuðu eftir dægradvöl í leikskólanum. Einnig geta foreldrar óskað eftir gæslu þegar starfsdagar eru í grunnskólanum. Þetta fyrirkomulag hefur reynst nokkuð vel og er ekki annað að sjá en að fyrrverandi leikskólanemum finnist það vera góð tilfinning að koma aftur í leikskólann. Vegna Covid var ekki unnt að bjóða uppá dægradvöl frá 16. mars af sóttvarnarástæðum en þá var mælt með því að börn væru ekki að fara á milli skólabygginga.

Samrekstur mötuneytis

Rekið hefur verið sameiginlegt mötuneyti fyrir leik- og grunnskólann undanfarin ár. Fyrirkomulagið hefur verið á þann hátt að maturinn er eldaður í mötuneyti leikskólans og fluttur í þar til gerðum kassa yfir í grunnskólann. Í mataráskrift í grunnskólanum voru 28 börn og 4

kennarar. Ekki var hægt að bjóða upp á mat frá 23. mars til 11. maí vegna Covid, þar sem ekki var leyfilegt að flytja mat á milli skólanna af sóttvarnarástæðum.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun stóðst.

Keypt þjónusta

- Túlkþjónusta, boðið eru upp á túlk á foreldrafundum- og viðtölum.
- Talmeinafræðingur, þjónusta keypt frá Dagný Annasardóttur talmeinafræðingi.

Viðhald í leikskólanum

Viðhald húss á sl. ári:

- Farið var í framkvæmdir á háalofinu til að uppræta myglu sem fannst í mæni skólans í mars 2019. Skipt var um loftplötur og nýr þakgafli var settur á húsið og einnig var sett nýtt járn á þakið. Jafnframt var skipt um ull á loftinu en við það hafa loftgæði í húsinu batnað til muna og vonandi mun ekki aftur myndast mygla á loftinu. Full starfsemi var í húsinu á meðan verkið var unnið en það var unnið utan frá og tók það tæpar 3 vikur. Vestfirskir verktakar sáu um framkvæmdina.
- Skipt var um gler í einum glugga þar sem sprunga var komin í rúðuna.

Þau verkefni sem eru aðkallandi eru:

- Skipta um gler í öllu húsinu.
- Mála húsið að utan.
- Yfirfara klæðningu á húsinu.
- Klára að mála innanhúss
- Skipta þarf út ónýtum ofnum

Viðhald lóðar á sl. ári:

- Lóðin var slegin tvisvar sinnum í sumar á vegum Ísafjarðarbæjar.
- Keypt voru tvö ný gormatæki

Það sem brýnt er að gera á lóð er:

- Setja þarf upp ljósastaura á lóðinni, en á sínum tíma voru settir niður kaplar.

Gjafir til skólans:

Kvenfélagið Ársól gaf leikskólanum mjúka þrautabraut sem ætluð er yngstu börnunum. Þökkum við kvenfélagskonum fyrir þessa gjöf og þann stuðning sem félagið hefur sýnt skólanum í gegnum tíðina.

Svava Rán Valgeirsdóttir
Leikskólastjóri.